

Lærum hvert af öðru – virkjum grunnþættina

Í sameiginlegum hluta aðalnámskrár er kveðið á um sex grunnþætti sem mynda kjarna nýrrar menntastefnu. Þeir varða starfshætti skóla, inntak og umhverfi náms og er ætlað að vera leiðarljós og skapa samfellu í öllu skólstarfi.

1. Hvernig má tryggja að grunnþátturinn SKÖPUN komi fram og endurspeglis í?

a) Inntaki námsgreina / námssviða og kennslufræði þeirra

Hópur 1: Með hvatningu, umræðu og fjölbreyttum efnivið.

Hópur 2: Sett í skólanámskrá hvers skóla

Hópur 3: Koma sköpun í sem flestar námsgreinar, hafa fasta tíma í stundatöflu, passa samþættingu við listgreinar

Hópur 4: Vantar fjármagn til að virkja samvinnu og samveru allra starfsmanna. Halda verður fundi til að öðlast yfirsýn og leita að sameiginlegum lausnum/ kveikjum

b) Starfsháttum skóla og menningu þeirra

Hópur 1: Skoða nærumhverfið og vinna með það. Kennarar hafi frelsi og sveigjanleika til að framkvæma hugmyndir sínar og nemenda sinna.

Hópur 2: Virkja nærumhverfið. Horfa fram á við, þora að breyta.

Hópur 3: Hafa sköpun sýnilega.

Hópur 4: Að allir starfsmenn séu meðvitaðir og taki þátt þar sem sköpun kemur fram í öllu starfi skólans. Tenging milli allra starfsmanna skólans.

**2 Hvað þarf til þess að styrkja sköpunarhæfni nemenda?
(Reynsla, hugmyndir og leiðir)**

Hópur 1: Fjölbreyttar leiðir í kennslu. Byggja upp sjálfstraust nemenda. Kenna í gegnum leiki. Hlusta á börnin og virkja áhuga þeirra.

Hópur 2: Að tengja námsefnið við áhugasvið þeirra. Gefa nemendum tíma til að vinna verkefni. Hlusta á nemandann, hugmyndir hans, engin hugmynd er slæm.

Hópur 3: Notið. Skoðunaraðferðir, frumlegt námsefni, víðsýni kennara.

Fjölbreytt námsefni og efnivið. Kenna verkferli og lausnaleit.

Hópur 4: Sveigjanleiki til að læra af mistökum, hver og einn geti notið sín á eigin forsendum, fjölbreytt viðfangsefni, traust hvatning og jákvæðni í bland við hrós. Meta viðleitni.

3 Hugmyndir um aðferðir til að auka menntun til sköpunar þvert á námsgreinar/námssvið?

Hópur 1: Útikennsla og vettvangsferðir. Reyna að koma með skapandi viðfangsefni í sem flestum námsgreinum og láta efni gefa tilefni til að geta farið í ýmsar áttir.

Hópur 2: Hafa færanlega kennslu og færanlega nemendur. Samvinna kennara þvert á skólastig, þvert á aldurshópa í nemendahópunum. Nota leiki til að fá nemendur til að hugsa út fyrir rammann. Kennarar þurfa líka að hugsa út fyrir rammann. Útikennsla. Vera opin fyrir því að grípa tækifærin þegar þau gefast. Könnunaraðferðin.

Hópur 3: Auka verklega kennslu í raungreinum. Til dæmis að nota grunnformin í stærðfræði, myndmennt í íslensku. Muna eftir tónlist, dansi og sögugerð. Samvinna; kennarar innan skóla, kennarar innan námsgreina og kennarar milli skóla.

Hópur 4: Auka vægi vettvangsferða, fjölga samstarfsverkefnum, þemavinna Veita fjármagni í þverfagleg verkefni.

4 Annað sem skiptir máli

Hópur 1: Að öllum líði vel í sínu vinnuumhverfi, bæði nemendum og starfsfólki. Jákvæðni, öryggi og gleði. Menntun, reynsla og áhugi. Námsefni sniðið að þörfum og getu hvers og eins nemanda.

Hópur 2: Viðurkenna skapandi þáttinn

Hópur 4: Fyrst og fremst jákvæðni, frumleiki og þor.

Hugmynd sem var rædd í lokinn og þótti verðug umhugsunar; að efla möguleikann á að endurvekja vinnuskipti = SJÁLFBÆRNI Í STAÐ HAFVAXTAR !